



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Bréf þetta (eða sama efnis) sent til fyrirtækja með kunnáttumann eða eftirlitsnefnd á tímabilinu nóvember 2019 – febrúar 2020:

Reykjavík, [...]

Efni: Verkefni og kostnaður vegna eftirlitsnefnda og kunnáttumanna.

Á undanförunum árum hafa svokallaðir óháðir kunnáttumenn, eða í sumum tilvikum eftirlitsnefndir, verið skipaðir til þess að fylgjast með framkvæmd skilyrða sem á viðkomandi fyrirtækjum hvíla samkvæmt nánar tilteknum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Í öllum tilvikum hafa umrædd skilyrði byggt á sáttum sem viðkomandi fyrirtæki hafa gert við eftirlitið, t.a.m. á grundvelli samruna eða undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga frá ólögætu samráði.

Við framkvæmd umræddra skilyrða hafa í sumum tilvikum vaknað spurningar um starfssvið viðkomandi kunnáttumanna eða eftirlitsnefnda og samspil þeirra, annars vegar við fyrirtækin sem hlíta þeim skilyrðum sem í hlut eiga og hins vegar við Samkeppniseftirlitið. Þar á meðal hafa vaknað spurningar um afmörkun verkefna og kostnaðaraðhald. Með hliðsjón af fenginni reynslu vill eftirlitið koma á framfæri leiðbeiningum og sjónarmiðum varðandi framangreint.

Sambærilegt bréf er sent til allra þeirra fyrirtækja sem hafa annaðhvort óháðan kunnáttumann eða eftirlitsnefnd skipaða á grundvelli sáttar við Samkeppniseftirlitið.

[...]

1. Um skipan kunnáttumanns stjórnskipulag honum tengt

Skipan kunnáttumanns sækir sér stoð í skilyrði sem byggja á sátt samkeppnisyfirvalda og viðkomandi fyrirtækis. Með sátt skuldbinda fyrirtæki sig til að fara að tilteknum skilyrðum. Hvíllir rík ábyrgð á fyrirtækjum sem undirgangast slík skilyrði¹ að fylgja þeim í hvívetna og brot á þeim varða stjórnvaldssektum.

Kveðið hefur verið á um að viðkomandi fyrirtæki tilnefni kunnáttumann en að Samkeppniseftirlitið samþykki tilnefninguna. Af þessu leiðir m.a. eftirfarandi:

¹ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 28/2015, *Forlagið ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.



Litið hefur verið svo á að kunnáttumaðurinn sé hluti af innra skipulagi viðkomandi fyrirtækis/fyrirtækja.² Í því felst m.a. að viðkomandi störf eru á ábyrgð fyrirtækisins. Viðkomandi fyrirtæki ber því m.a. rekstrarlega ábyrgð á kunnáttumanni.

Í samþykki Samkeppniseftirlitsins á tilnefningu kunnáttumanns felst ekki síst staðfesting á því að þeir sem veljast til starfans séu óháðir í skilningi viðkomandi skilyrða. Þessi skipan á að tryggja kunnáttumanninum nægilegt sjálfstæði frá stjórnendum viðkomandi fyrirtækis. Mjög mikilvægt er að stjórnendur fyrirtækis stuðli í öllu sínu starfi að þessu sjálfstæði kunnáttumanns. Það er að jafnaði forsenda þess að störf kunnáttumanns nýtist með þeim hætti sem skilyrðin gera ráð fyrir.

Við athugun Samkeppniseftirlitsins á tilnefningum er einnig hugað að því hvort þau sem tilnefnd eru hafi að mati eftirlitsins yfir að ráða þekkingu og reynslu sem nýtist í verkefnum. Ekki er hins vegar hægt að tryggja að viðkomandi búi yfir allri þekkingu sem nauðsynleg er til starfsins og gera því skilyrði ákvarðana oft ráð fyrir því að unnt sé að afla frekari þekkingar í einstökum verkefnum. Í aðdraganda staðfestingar á tilnefningu á Samkeppniseftirlitið jafnan fund með þeim sem tilnefndir hafa verið.

2. Verkefni kunnáttumanns

Verkefni kunnáttumanns eru alla jafna ítarlega skilgreind í viðkomandi skilyrðum. Reynslan sýnir hins vegar að gagnlegt er strax í upphafi að kunnáttumaður setji sér verkáætlun og e.a. starfsreglur, sem viðkomandi fyrirtæki getur þá tjáð sig um. Komi upp ágreiningur um túlkun starfssviðsins er þá hægt að bera það undir Samkeppniseftirlitið. Þannig er mikilvægt að undirbúa starfið eins vel og unnt er þegar í upphafi.

Mikilvægt er að áréttta að verkefni kunnáttumanns felur ekki í sér framsal á lögbundnum valdheimildum Samkeppniseftirlitsins. Eftirlitið getur því eftir sem áður tekið mál til athugunar að eigin frumkvæði. Ef vel tekst til getur kunnáttumaður hins vegar gripið hraðar inni möguleg vandamál, áður en þau verða alvarleg.

3. Aðgangur að upplýsingum

Það leiðir af verkefnum kunnáttumanns að fyrirtækið verður að tryggja greiðan aðgang að öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sinna starfinu í samræmi við ákvæði viðkomandi sáttta. Það hvílir jafnframt á annars vegar viðkomandi kunnáttumanni og hins vegar fyrirtækinu að tryggja örugga meðferð og vistun upplýsinga, trúnaðarskyldu o.s.frv. Samkeppnislög tryggja síðan aðgang Samkeppniseftirlitsins að upplýsingum, bæði frá fyrirtækinu og kunnáttumanni.

4. Greiðslur fyrir störf kunnáttumanns og kostnaðaraðhald

Þegar skilyrði kveða á um skipun kunnáttumanns eða eftirlitsnefndar er jafnan skýrt kveðið á um að viðkomandi fyrirtæki greiði fyrir störf hans. Eins og áður greinir er einnig litið svo á að starf kunnáttumanns sé hluti af innra skipulagi viðkomandi fyrirtækis. Af þessu leiðir jafnframt að fyrirtækið ber ábyrgð á því að semja um greiðslur vegna starfsins.

² Á þetta reyndi t.d. fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál í tilviki Íslandspósts, en á fyrirtækinu hvílir upplýsingaskylda á grundvelli upplýsingalaga, þar sem það er í opinberri eigu. Með úrskurði nr. 801/2019 komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að eftirlitsnefnd sem starfar hjá Íslandspósti skv. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 teldist hluti af Íslandspósti. Var synjun eftirlitsnefndarinnar á afhendingu tiltekinna gagna því felld úr gildi og lagt fyrir Íslandspóst að taka að nýju afstöðu til upplýsingabeidnar.



Jafnframt ber að taka skýrt fram að ekkert girðir fyrir það að fyrirtækið sem í hlut á veiti kunnáttumanni virkt kostnaðaraðhald. Skal það skýrt nánar.

Eftir því sem Samkeppniseftirlitið kemst næst er algengast að samið sé um tímagjald við kunnáttumann eða nefndarmenn í eftirlitsnefnd, þótt ekki sé útilokað að hafa annan hátt á. Eðli máls samkvæmt er hins vegar ekki hægt að semja fyrirfram um umfang starfs kunnáttumanns, t.d. tímafjölda, enda er mikilvægt að starfsemin njóti sjálfstæðis. Þannig mega samningar um greiðslur ekki takmarka möguleika kunnáttumanns til þess að ráðast í nauðsynlegar rannsóknir.

Engu að síður er fyrirtækinu rétt og skylt að veita viðeigandi kostnaðaraðhald. Í því efni má horfa til eftirfarandi atriða:

- Verkáætlun og starfsreglur, sbr. kafla 2 hér að framan, geta nýst sem útgangspunktur í kostnaðaraðhaldi. Þannig er ekki óeðlilegt að kunnáttumaður útskýri veruleg frávik frá verkáætlun.
- Upplýsingagjöf, sem að jafnaði er gert ráð fyrir í skilyrðum ákvörðunar, varpar ljósi á umfang starfsins og getur nýst við kostnaðaraðhald.
- Málefnalegt getur verið að fyrirtæki kalli eftir tímaskýrslum um unnin störf, sem hluta af reglulegri skýrslugjöf um starfann.
- Þá er almennt eðlilegt að sá sem annast innri endurskoðun í umboði stjórnar fyrirtækis hafi eftirlit með útgjöldum að þessu leyti, með sama hætti og annarri aðkeyptri þjónustu.

Með hliðsjón af framangreindu er eðlilegt að kunnáttumaður standi fyrirtæki skil á starfi sínu, án þess að sjálfstæði starfsins sé stefnt í hættu.

Af framangreindu leiðir jafnframt að Samkeppniseftirlitið hefur ekki talið það í verkahring sínum að taka afstöðu til álitafna sem risið geta vegna útgjalda þessu tengdu.

5. Niðurlag

Af framangreindu leiðir að fyrirtæki sem gengist hafa undir skilyrði er fela í sér eftirfylgni kunnáttumanns eða eftirlitsnefndar, bera ábyrgð á því að eftirfylgninni sé skapaður sá farvegur sem nauðsynlegur er. Að teknu tilliti til þessa ber fyrirtækið jafnframt ábyrgð á útgjöldum sínum vegna þessa, líkt og um aðra útselda vinnu væri að ræða.

Vekur Samkeppniseftirlitið hér með athygli fyrirtækisins á framangreindu.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið